



Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

Starfsleyfisskilyrði fyrir heimili og stofnanir fyrir börn og unglunga

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Skilyrði þessi gilda fyrir heimili og stofnanir fyrir börn og unglunga. Þar getur verið um að ræða vistheimili, meðferðarheimili, hjálparstöðvar, neyðarathvörf, sumardvalarheimili og sumarbúðir og önnur heimili sem taka að sér sex eða fleiri börn til uppeldis eða umönnunar til lengri eða skemmri tíma. Börn heimilisfólks sem þar búa skulu talin með dvalarbörnum.
- 1.2 Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar.
- 1.3 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.4 Greiður aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.
- 1.5 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstrinum að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.

2. Húsnæði og búnaður

- 2.1 Húsnæði skal uppfylla kröfur um íbúðahúsnæði og má ekki vera í beinu sambandi við óskylda starfsemi.
- 2.2 Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.
- 2.3 Aðgangur skal vera að loftræstri ræstiaðstöðu og skolvaski. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.
- 2.4 Fullbúin snyrting og baðaðstaða skal vera til staðar. Ekki skulu vera fleiri en 10 íbúar um hverja snyrtingu og baðaðstöðu með búningsklefa.
- 2.5 Gólfhlötur salernisrýmis skal vera minnst 1,2 m² og 3,3m² fyrir hreyfihamlaða. Salerni skulu loftræst með opnanlegum glugga eða vélrænni loftræsingu.
- 2.6 Hitastýrð blöndunartæki skulu vera í handlaugum og böðum almenns notanda, þannig að vatnshiti fari ekki yfir 43°C á töppunarstað. Fyrirtæki sem voru með gilt starfsleyfi 10. janúar 2003 hafa frest til 1. janúar 2006 til úrbóta.
- 2.7 Ekki skulu notaðar aðrar vistarverur en svefnherbergi eða svefnasalir til svefns. Rúm og aðrir innanstokksmunir skulu hafa aldri barna. Í svefnöllum skal ætla hverju barni a.m.k 4m². Kojur mega aðeins vera tveggja hæða. Fara skal eftir staðli ÍST EN 747-1:1993.
- 2.8 Börn skulu sofa ein í rúmi. Rúmföt skulu vera til staðar og skulu þau vera heil og hrein og skipt um a.m.k vikulega þegar um lengri dvalartíma er að ræða en tvær vikur. Þegar um er að ræða sumarbúðir og skylda starfsemi og dvalartími er tvær vikur eða skemmri tími er heimilt að hafa svefnpoka í rúmunum, enda sé í rúmunum dýna og lak.
- 2.9 Aðstaða skal vera til tómsunda og innileikja.



3. Hreinlæti og þrif

- 3.1 Húsnæði og öll aðstaða skal þrifin daglega eða oftár eftir þörfum. Hreinlætisáætlun skal vera skrifleg. Allsherjarhreingerningu skal gera minnst árlega.
- 3.2 Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.
- 3.3 Loftræsikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustuhandbók eða samsvarandi leiðbeiningar fyrir loftræsikerfi skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila, þar sem við á.
- 3.4 Þvottur skal þveginn við fullnægjandi aðstæður. Lín skal þvo við a.m.k. 60°C. Hreint lín skal aðskilið frá óhreinu.
- 3.5 Reykingar eru bannaðar þar sem börn og unglingar eru til dvalar.
- 3.7 Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í húsnæðið, nema að fengnu samþykki íbúa og forráðamanna barna sem þar dveljast.

4. Öryggi og slysavarnir

- 4.1 Rekstraraðila er skylt að fyrirbyggja slys og leita allra leiða til að gera húsnæðið og umhverfi þannig úr garði að það sé sem öruggast fyrir þá sem þar dvelja. Þetta gildir einnig um ferðir dvalargesta, sem farnar eru á vegum rekstraraðila
- 4.2 Öll hættuleg efni eins og ræstiefni, málningarvörur og aðrar efnavörur svo og öll hættuleg eða oddhvöss áhöld og tæki skulu geymd í öruggri hirslu þar sem börn ná ekki til. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt.
- 4.3 Forráðamaður er ábyrgur fyrir að starfsfólk hafi hlotið þjálfun í skyndihjálpi.
- 4.7 Sjúkrakassi með nauðsynlegum gögnum skal vera til staðar.
- 4.8 Slys og óhöpp skal skrá á þar til gerð eyðublöð og vera aðgengileg heilbrigðiseftirliti.

Liðir 4.4–4.10 eiga við þar sem ung börn eru vistuð.

- 4.4 Gólfplötur eldhúss skal ekki vera leiksvæði barna.
- 4.5 Opnanlegir gluggar skulu vera þannig gerðir að ekki stafi af þeim hætta.
- 4.6 Öryggishlið skulu vera fyrir stígum. Handrið skulu þannig frágengin að ekki valdi slyshættu. Bil milli rimla má ekki vera á bilinu 9-23cm. Festa ber hillur, eldavélar o.þ.h. við vegg þannig að ekki sé hætta á falli.
- 4.9 Plöntur inni og úti mega ekki geta valdið börnunum skaða.
- 4.10 Rafmagnstenglar skulu varðir og þannig frágengnir að börnum stafi ekki hætta af forðast skal lausar snúrur og millistykki.

5. Lóð, leiksvæði og leikföng.

Liðir 5.1-5.5 eiga við þar sem ung börn eru vistuð.

- 5.1 Litir skulu CE merktir og föndurefni mega ekki innihalda skaðleg efni og skulu standast gildandi reglugerðir varðandi merkingar og innihald. Leikföng skulu hæfa aldri barna og þannig gerð að ekki skapi hættu. Leikföng skulu þrifin eftir þörfum, að minnsta kosti einu sinni á ári.



- 5.2 Um leikvallatæki og leiksvæði gilda ákvæði reglugerðar nr.942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða.
- 5.3 Farið skal eftir viðeigandi stöðlum um öryggismál.
- 5.4 Eftir aðstæðum skal lóð vera afgirt þar sem hún er jafnframt leiksvæði barna.
- 5.5 Um frágang, viðhald og sandskipti í sandkössum skal fara eftir leiðbeiningum Umhverfisstofnunar.

6. Matvæli og veitingaaðstaða

- 6.1 Fara skal að ákvæðum matvæla­reglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

7. Umhverfismál

- 7.1 Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.
- 7.2 Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurnýtingu /-vinnslu úrgangs.
- 7.3 Leitast skal við að nota umhverfisvæn efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.
- 7.4 Lyf og hættuleg efni skulu geymd í læstum hirslum. Öryggisleiðbeiningar fyrir hættuleg efni skulu vera aðgengilegar. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt.
- 7.5 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 933/1999 um hávaða, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og lögum nr. 19/1997 um sóttvarnir, lögum nr. 93/1995 um matvæli, reglugerð um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla nr. 522/1994, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, reglugerð nr. 236/1990 um flokkun og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni og byggingarreglugerð nr. 441/1998. ÍST EN staðall 747-1:1993.

Atvinnugreinaflokkur (ÍSAT):

- 85.11.5 Áfengismeðferð
- 85.11.44 Vistheimili
- 85.11.4 Hjúkrunarvistun
- 85.11.3 Endurhæfing
- 85.31 Félagsþjónusta með dvöl á stofnun eða heimili
- 85.31.1 Heimili og stofnanir fyrir börn og unglínganna
- 80.10.04 Sumarbúðir



GREINARGERÐ MEÐ SAMRÆMDUM STARFSLEYFISSKILYRÐUM FYRIR ATVINNUGREIN

Atvinnugreinaflokkur (ÍSAT): 85.31.1.0 Heimili og stofnanir fyrir börn og unglunga

Helstu forsendur fyrir starfsleyfisskilyrðum þessum eru:

- Til að tryggja hollustuhætti og heilnæmt umhverfi í samræmi við reglugerð um hollustuhætti
- Til að koma í veg fyrir óhöpp og slys á viðskiptavinum
- Til að tryggja að starfsmenn hafi ákveðna lágmarkspækingu
- Koma í veg fyrir vanbúnað í aðstöðu fyrir almenning.
- Hafa aðhald með þeim sem starfa í þjónustu við almenning.
- Tryggja að eftirlit og viðeigandi gögn séu til um starfsemina.
- Fyrirbyggja mengun og mengunarslys.

Starfsemin á sér stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir,
reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002,
reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla,
reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.
byggingarreglugerð nr. 441/1998,
reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim
reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp,
reglugerð nr. 933/1999 um hávaða,
reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs,
lög nr. 6/2002 um tóbaksvarnir,

Nánar um hvert ákvæði: